

TÓNLIST



Nú rætist hugmynd Nína Margrétar Grímsdóttur um alþjóðlega píanókeppni hér á landi.

Morgunblaðið/Karitas

Ómetanleg keppnisreynsla

Alþjóðleg píanókeppni fyrir 10-25 ára gamla nemendur verður haldin hér á landi í sumar. Markmiðið er að byggja upp alþjóðlegan vettvang fyrir næstu kynslóð píanóleikara. Dómnefndin er alþjóðleg og stefnt er að því að keppnin verði árleg.

Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrun@mbl.is

Í fyrsta sinn býðst íslenskum nemendum á aldrinum 10-25 ára að taka þátt í alþjóðlegri píanókeppni hérlandis. Keppnin verður haldin í Salnum 14.-17. ágúst næstkomandi. Samtímis keppninni mun fara fram árlegt sumarnámskeið í píanóleik á vegum Opna Listaháskólans 5.-17. ágúst, einnig ætlað innlendum og erlendum þátttakendum. Masterklassar og tónleikar með íslenskum og erlendum gestakennurum verða haldnir í tónlistardeild LHÍ, Tónlistarskóla Kópavogs og Salnum.

„Fyrir ungt afreksfólk í hvaða fagi sem er er það hluti af þjálfun og mikilvæg reynsla að taka þátt í keppni og öðlast meiri færni, aukið sjálfstraust og fá endurgjöf,“ segir dr. Nína Margrét Grímsdóttir sem er í forsvari fyrir keppnina og starfar sem aðjunkt við Listaháskóla Íslands, deildarstjóri í Tónskóla Sigursveins og við píanódeild Tónlistarskóla Kópavogs.

Hún segir hæfileika afreksfólks í tónlist oft koma fram mjög snemma. „Hér á landi hafa verið mjög takmörkuð tækifæri fyrir ungt tónlistarfólk til að taka þátt í keppnum á alþjóðavísu. Það hefur háð ungu íslensku afreksfólki í tónlist að það eru fá tækifæri til að máta sig við jafnaldra á alþjóðavettvangi og fá um leið mikilvæga örvun.“

Ómetanlegur styrkur

Nína Margrét segist hafa gengið með hugmynd um alþjóðlega píanókeppni hér á landi í mörg ár. „Ég held að núna sé rétti tímapunkturinn. Það eru nokkrar ástæður fyrir því.

Ég stýri alþjóðasamstarfi Erasmus plús hjá Tónskóla Sigursveins en það hefur gert að verkum að nemendur geta fengið styrk til keppnisferða á sviði tónlistar. Ég hef séð hverju þetta skilar og það á sinn þátt í áhuga mínum á að halda alþjóðlega píanókeppni hér á landi.

Við Júlíana Rún Indriðadóttir skólastjóri ákváðum, í ljósi þess að í skólanum hafa afburðahæfileikamiklir píanónemendur

Við bjóðum upp á alþjóðlegan vettvang þar sem efnilegir píanónemendur geta látið ljós sitt skína, eftl færni sína, víkkað sjóndeildarhringinn og byggt upp þroskandi tengsl við annað tónlistarfólk og kennara alls staðar að úr heiminum.

stundað nám hjá mér undanfarin ár, að sækja um í Erasmus plús-skólasjóðnum sem styrkir nemendur í alls konar námsferðir. Umsókn okkar snerist um að efla afburðanemendur í tónlist á alþjóðvettvangi í gegnum keppnisferðir erlendis. Þessi styrkur sem við höfum fengið frá árinu 2024 hefur reynst ómetanlegur. Hann er algjör forsenda þess að afburðanemendur í tónlist geti farið í þessar ferðir. Ég hef farið með nemendum mínum í keppnir erlendis undanfarin ár og er þá eins og þjálfari. Ég hef séð hvernig þessar keppnir hafa eftl nemendur í list sinni og þeir hafa unnið til margra verðlauna og viðurkenninga. Félagslegi þátturinn er líka mikilvægur því nemendurnir hafa eignast vini í þessum keppnum, sem eru á sama stað og þau í píanóleik.“

Alþjóðlegur vettvangur

Hin alþjóðlega píanókeppni og sumarnámskeiðið eru haldin undir merkjum WPTA Iceland, en í byrjun þessa árs fékk Nína Margrét boð frá World Piano Teachers Association International um að verða forseti Íslandsdeildar félagsins. „Þetta boð efldi enn frekar áhuga minn á að halda alþjóðlega píanókeppni ungs fólks hér á landi. Við Peter Máté og Erna Vala Arnardóttir stofnuðum Félag íslenskra píanóleikara árið 2024 og urðu þau Peter og Erna Vala einnig varaforseti og framkvæmdastjóri Íslandsdeildar WPTA.

Markmið okkar er að stuðla að framgangi píanóleiks og við gerum það í gegnum hátíðir og píanókeppnir, undir þessum samtökum, og reynum að koma ungum píanóleikurum á framfæri bæði innan lands og erlendis. Við höldum til að mynda hátíð íslenskrar píanótónlistar „Slagharpan syngur“ á síðasta ári þar sem 50 píanóleikarar og píanónemendur úr tónlistarskólum landsins fluttu 33 píanóverk eftir íslensk tónskáld á níu tónleikum sem opnir voru almenningi án endurgjalds.“

Nína Margrét segir að markmiðið með píanókeppninni sé að byggja upp alþjóðlegan vettvang fyrir næstu kynslóð hæfileikaríkra píanóleikara á aldrinum 10-25 ára, og gefa þeim tækifæri til að efla sig í píanóleik gegnum samkeppni í vinalugu umhverfi. „Við bjóðum upp á alþjóðlegan vettvang þar sem efnilegir píanónemendur geta látið ljós sitt skína, eftl færni sína, víkkað sjóndeildarhringinn og byggt upp þroskandi tengsl við annað tónlistarfólk og kennara alls staðar að úr heiminum.“

Vegleg peningaverðlaun

Það kostar vitanlega sitt að halda keppni eins og þessa. „Lista- og menningarsjóður Kópavogsbæjar ákvað að styrkja okkur með afar mikilvægu stofnframlagi, en án þess hefði ekki getað orðið af þessu verkefni og við fáum aðgang að Tónlistarskóla Kópavogs sem er í sama húsi og Salurinn. Við höfum leitað eftir stuðningi frá stórfyrirtækjum en það hefur ekki gengið enn sem komið er. Það eru mörg fyrirtæki sem vilja láta gott af sér leiða og ein leið er að styðja unga píanóleikara,“ segir Nína Margrét.

Í dómnefnd keppinnar verða alþjóðlegir þekktir listamenn sem munu jafnframt koma fram á tónleikum og masterklössum: Albert Mamriev, Edda Erlendsdóttir, Erna Vala Arnardóttir, Liam Kaplan, Mathias Halvorsen,

Nína Margrét Grímsdóttir og Peter Maté.

Viðburðir píanókeppinnar eru opnir almenningi án endurgjalds. Keppnin er opin og er auglýst á alþjóðlegum síðum. Sækja má um á <https://opni.lhi.is> en umsóknarfrestur rennur út 22. júní næstkomandi. Allir ungir og efnilegir píanóleikarar eru hvattir til að sækja um í þessari fyrstu alþjóðlegu píanókeppni hérlandis.

Vegleg peningaverðlaun eru í boði fyrir framúrskarandi tónlistarflutning, sem styrkt eru af Steinway og Tónastöðinni. „Þetta er nýlunda hérlandis og mjög ánægjulegt að geta boðið ungu tónlistarfólki slíka hvatningu þar sem þau hafa undantekningarlaust lagt mikið á sig við keppnisundirbúning,“ segir Margrét.

Árleg keppni

Stefnt er að því að keppnin verði árleg. „Í keppni eins og þessari öðlast þátttakendur ómetanlega keppnisreynslu. Það skiptir líka miklu máli að dómnefndin er alþjóðleg og allir þátttakendur fá persónulega og uppbyggilega umsögn auk viðurkenningarskjals. Keppendur öðlast reynslu óháð því hvernig þeim gengur og ná vonandi að mynda góð tengsl við jafnaldra sína. Sjálf hef ég séð nemendur mína eflast við hverja einustu keppni sem þeir hafa tekið þátt í með stuðningi Erasmus plús, sem er algjörlega ómetanlegt,“ segir Nína Margrét.

„Við þrjú í stjórn Félags íslenskra píanóleikara erum afskaplega þakklát fyrir þá velvild sem samstarfsaðilar okkar Salurinn, Tónlistarskóli Kópavogs og Opni Listaháskólinn hafa sýnt okkur þar sem slíkur meðbyr er algjör forsenda þess að hægt sé að skipuleggja verkefni af þessum toga. Umgjörð og fagleg aðstaða alþjóðlegrar píanókeppni þarf að vera af hæstu gæðum og Salurinn, sem er eitt besta tónleikahús landsins, mun síðar á þessu ári státa af nýjum Steinway-konsertflygli,“ segir Nína Margrét að lokum.